

**Fundarritari:** Krístrún Birgisdóttir

**Dags:** 3.10.2024

**Tilefni:** Skólanefndarfundur

**Fundinn sátu:** Sigríður Ragna, Pétur, Margrét, Róbert, Magnús, Edda, Sara (mætti í lok fundar) og Krístrún sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Fjarverandi:** Petra og Jenný

**Dagskrá:**

**1. Fundargerð síðasta fundar borin upp**

Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

**2. Skólastarfið á haustönn**

Magnús fór yfir skólastarfið á haustönn. 930 nemendur hófu nám í dagskóla í upphafi annar. Metþátttaka var í sumarfrjáminu en alls voru 1380 nemendur skráður. Öllu jafna hefur fjöldinn verið á bilinu 600 – 900. Ný heimasíða var tekin í gagnið í byrjun september og nú er hægt að lesa það sem er á heimasíðunni á 14 tungumálum. Öll stoðþjónusta skólans hefur verið færð á sama stað en áður var stoðþjónustan dreifð um skólann. Mánaðarlegt fréttabréf er nú sent út til forráðamanna og nemenda. Fjöldmörg Evrópuverkefni eru í gangi.

**3. Fjárhags og rekstraráætlun skólans**

Skólinn fékk 2,3 milljarða á fjárlögum og var hækkun á milli ára 7,92%. Skólinn er vel settur fjárhagslega. Ekki var hægt að sýna fjárhagsáætlun á þessum fundi þar sem hún datt út úr kerfinu hjá ráðuneytinu. Hana þarf því að vinna aftur.

**4. AM nemendur**

Deildarstjóri AM nemenda komst því miður ekki á fundinn. Sigríður spurði hvort eitthvað vit væri í því að hafa nemendur sem ekki væru læs á íslensku innan um aðra nemendur. Þetta væri að buga kennara og tekið væri fastar á þessum málum í öðrum löndum. Henni fannst brýnt að skólameistarar taki sig saman og geri eitthvað í þessu. Ekki væri hægt að gera nemendum þetta en það væri engi að síður virðingarvert hvað skólinn væri að gera í þessu.

Magnús sagði hópinn vera mjög misjafnan þ.e. margir nemendur með erlendan bakgrunn sem tala góða íslensku. Hann vill láta AM nemendur taka meira af íslenskuáföngum fyrsta árið. Þetta var reynt í vor en gekk ekki. Vonandi næst þetta í gegn fljótlega. Fullt af skólameisturum sem hafa engan áhuga þessu og AM nemendur eru í raun bara í fáum skólum. Margrét sagði það áhyggjuefni að hún hefði meiri áhyggjur af þeim sem kæmi hingað ólæs og óskrifandi.

**5. Nýjar heilbrigðisbrautir**

Magnús sagði frá námi í sjúkraflutningum sem áætlað er að verði kennt í skólanum frá og með hausti 2025. Hann sagði einnig frá námi í fóttaaðgerðarfræði sem hugsanlega verður kennt hér. Staðan á því máli skýrist í næstu viku og verður nánar greint frá þessu í föstudagspósti.

## 6. Önnur mál

Spurt var út í greiðslur fyrir fjarnámsnemendur og hvaða skóli fengi greitt fyrir nemandann væri hann í tveimur skólum samtímis. Því var svarað til að nemendaígildið tilheyrði þeim skóla sem væri aðalskóli nemandans en skólar fá hvor um sig greitt fyrir einingar sem teknar eru í viðkomandi skóla. Rætt var vítt og breytt um nemendaígildi. Pétur spurði hvort unnið væri markvisst að því að draga úr brotthvarfi úr fjarnámi. Magnús sagði svo vera og nefndi t.d. að nú væri sérstakur náms- og starfsráðgjafi í 50% starfshlutfalli eingöngu til að þjónusta fjarnámsnemendur. Einnig væri búið að efla innra eftirlit með uppsetningu áfanga. Hann sagði það misjafnt eftir áföngum hversu miklar heimtur væru. Róbert benti á að það væri erfitt að finna orsakir því nemendur sem hætta í fjarnámi væru ekki einsleitur hópur.

Spurt var um húsaleigukostnað. Edda ætlar að skoða þróun á húsaleigu.

Óskað var eftir því að fá fjarnámsstjóra á næsta skólanefndarfund svo og að ræða öryggismál skólans.

Fundi slitið klukkan 13:10. Næsti fundur boðaður þann 14.11 klukkan 12.